



Fundargerð 247.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 27. nóvember 2019 kl. 16.00 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnahúsinu við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson, Ólína Freysteinsdóttir, Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir, Þröstur Friðfinnsson og Ólafur Rúnar Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnastjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Nýr þjónustusamningur við Akureyrarbæ.

Nýr þjónustusamningur við Akureyrarbæ kynntur sem gildir frá 1. Janúar 2020 til og með 31. desember 2023. Stjórn HN samþykkir framlagðan samning.

2. Fjárhagsáætlun HN 2020, síðari umræða

Fjárhagsáætlun 2020 tekin til síðari umræðu. Gert er ráð fyrir að rekstrartekjur nemi 834 mkr., og rekstrargjöld verði 575,3 mkr án fjármagnsliða. Hagnaður eftir fjármagnsliði og afskriftir er áætlaður 265,9 mkr. Stjórn HN samþykkir samhljóða fjárhagsáætlun fyrir árið 2020.

3. Framkvæmdaráætlun HN fyrir árið 2020 – minnisblöð.

Lögð fram minnisblöð er varða framkvæmdir við endurnýjun Torfunefsbyggju og hins vegar ný bílastæði vegna þjónustu við hafnsækna starfsemi. Ljóst er að bæði verkefnin eru á framkvæmdaáætlun fyrir árið 2020. Hafnarstjóra og formanni falið að halda áfram með málin.

4. Gjaldskrá HN 2020

Hafnarstjóri lagði fram tillögu að gjaldskrárbreytingu frá 1. janúar 2020. Stjórn HN samþykkir framlagða tillögu.

5. Hverastrytur við Hjalteyri.

Varaformaður sem situr í nefnd um hverastryturnar í Eyjafirði, kynnti stöðu mála varðandi endurgerð á verndar og stjórnunaráætlun fyrir strýturnar.

6. Hafnarhúsið viðbygging.

Hafnarstjóra falið að ganga frá samningum við lægstbjóðendur í samræmi við niðurstöður útboðs.



7. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

Fundi var slitið kl. 17:05

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson

Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir

Þröstur Friðfinnsson

Ólína Freysteinsdóttir

Ólafur Rúnar Ólafsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
